

Greinargerð

Þvottadagar er safn stuttra prósatexta og ljóða sem unnið var sem lokaverkefni í grunnámi í Ritlistardeild Háskóla Íslands. Segja má að textarnir segi frá súrrelískum upplifunum sögupersóna eða ljóðmælenda á raunveruleika sínum.

Ég hafði velt mikið fyrir mér hvers konar verk ég ætti að gera sem BA-verkefni í ritlist og flakkaði fram og til baka bæði með efni og form. Í september á síðasta ári flutti ég til útlanda þar sem ég fékk nægan tíma og rými til þess að finna það sem mig langaði raunverulega til þess að búa til. Þar rakst ég á nokkra höfunda sem voru að skrifa *flash fiction*, eða mjög stuttar smásögur, eins og Lydiu Davis og Dave Eggers sem vinna frjálsglega með form smásögunnar. Þegar ég las þessi verk lifnuðu eigin textar og textabrot við en þau höfðu legið rykug í hillunum eins og gallaðar vörur, gátu hvorki heitið fullkláraðar smásögur né ljóð. Mér þótti vænt um þessa texta, enda afar persónulegir, og langaði til þess að gefa þeim líf á eigin forsendum, án kröfu um að þeir pössuðu inn í eitt og sama form.

Ég tók að vinna frekar í þeim, veita þeim athygli og þurrka af þeim rykið. Ég setti ritstjóran á hilluna þegar ég bjó til nýja texta í tengslum við verkefnið og leyfði mér að vinna á nýjan og frjálsglegri hátt. Þegar ég hafði safnað saman nokkrum sögum og ljóðum nýjum og gömlum, sendi ég þær á leiðbeinanda minn, Sigurð Pálsson.

Ýmislegt fór okkar á milli í vinnuferlinu. Við ræddum um að textarnir væru oftast en ekki órar sögumannsins. Sigurður benti mér á þemu sem lágu í textunum. Þar nefndi hann kvenlægt sjónarhorn, raunsæjan tón sem breytist svo skyndilega í fantasíu, líkamstengingu, karnival og grótesku. Hann benti mér á íslenska og erlenda höfunda sem urðu eins konar bakland fyrir verkefnið. Þar má nefna Ástu Sigurðardóttur, Diddu, Baudelaire, Svövu Jakobsdóttur, Daniil Kharms og Óskar Árna Óskarsson sem höfðu öll eitthvað til málanna að leggja. Þessir höfundar hafa allir skrifað annað hvort smásögur eða prósaljóð, hver á sinn einstaka hátt. Eftir að hafa grúskað í verkum þeirra fylltist ég innblæstri og fékk önnur og ný sjónarhorn og hugmyndir til að vinna með. Þegar ég las Ástu Sigurðardóttur og Diddu fannst mér ég finna skýr tengsl á milli hugmyndaheima okkar og tilfinninga, sem gaf mér þá hughreystingu sem ég þurfti.

Ég og Sigurður hittumst svo reglulega til þess að fara yfir það sem komið var og í hvert skipti gaf hann mér gagnlegar ábendingar og ráð. Við skoðuðum textana út frá skilningarvitunum og ég reyndi að gefa þeim meira vægi í textunum. Einnig setti hann fyrir mig nokkrar æfingar sem

skiluðu af sér nýjum textum og efni.

Verkið skiptist í þrjá kafla: *Skynjanir*, *Þvottadaga* og *Skyndimyndir*. Í kaflanum *Skynjanir* eiga textarnir það sameiginlegt, eins og titillinn gefur til kynna, að snúast um skynjanir sögupersónanna á einn eða annan hátt. Hvernig þær (sögumenn eru að mestum hluta kvenpersónur) skynja raunveruleikann út frá andlegu ástandi sínu. Hvernig skynjun breytist í ofskynjun. Í þessum kafla er það ójafnvægi í andlegri líðan sem litar upplifun sögumannsins á raunveruleikanum. Þráhyggja, vænissýki og ýktar tilfinningar sem þvinga fram furðulegar skynjanir og upplifanir.

Höfuðskepnan vatn var áberandi í mörgum af textunum, enda heitir annar kafla því viðeigandi nafni, *Þvottadagar*. Hann fjallar um ýmsar birtingarmyndir hreinsunar. Hreinsun vegna lauslætis, óhóflegrar áfengisneyslu, almenns stjórnleysis og annars ólífnaðar. Sögupersónur þrifa líkama sinn og hluti til þess að reyna að laga það sem býr innra með þeim.

Í þriðja kafla sem nefnist *Skyndimyndir* fær lesandi leiftursýn inn í líf og líðan mismunandi persóna. Hver texti er eins og polaroid mynd af manneskjum og atburðum og flestir þeirra eiga það sameiginlegt að hverfast um einmanaleika og söknuð, en einnig muninn á því að vera einn og einmana.

Þetta var á tímum erfið fæðing. Verkjalyfin voru þrenns konar: vinir sem lásu yfir, leiðbeinandi minn og baklandið af rithöfundum, allt þetta gerði skriftirnar mun auðveldari. Sá lærdómur, sem ég hef dregið af þessari vinnu, er margþættur. Það var góð æfing í þolinmæði, aga og vinnusemi, að svitna yfir sömu textunum í langan tíma; suma daga langaði mig að henda öllu í ruslið en á eftir þeim dögum komu aðrir betri þar sem ég hafði aftur gleði og gaman af verkinu. Ég fór að treysta þessum textum betur og trúa því að þeir ættu raunverulega skilið sinn tilverurétt. Einnig fannst mér áskorun fólgin í því að vinna með texta sem voru langflestir skrifaðir á sínum tíma bara fyrir mig og óþægilegt að opinbera þá undanbragðalaust. Ég komst svo að því að það var nákvæmlega það sem ég þurfti og fékk með því og þessari vinnu einhvern nýjan kraft og neista sem ég tek með mér úr þessu verkefni.